

# Grænt bókhald 2007

Guðmundur Tyrfingsson ehf.



## Yfirlýsing stjórnar Guðmundar Tyrfingssonar ehf.

Guðmundur Tyrfingsson ehf. er fyrirtæki sem er meðvitað um mikilvægi þess að íslensk náttúra sem og íslensk menningararfleið haldist eins tær og óspillt og mögulegt er. Það er því stefna okkar að bjóða upp á góða þjónustu, nýjustu og öruggustu bíla sem völ er á og sjá til þess að umhverfis- og öryggismál séu höfð að leiðarljósi í allri okkar starfsemi. Við ætlum okkur að vera í fararbroddi í þessum málum og leitast eftir samstarfi við þá aðila sem láta sig þennan málaflokk varða og hafa mótað sér skíra stefnu í þessum málum.

Fyrir hönd stjórnar  
*Guðmundur Tyrfingsson stjórnarformaður*

Almennar upplýsingar um fyrirtækið og starfsemi þess

### 1.1 Almennar upplýsingar

Nafn: Guðmundur Tyrfingsson ehf.  
Heimili: Fossnesi C, Selfossi.  
Heimasíða <http://www.gtyrfingsson.is/>

Númer fyrirtækjaflokks:

Tímarbil sem grænt bókhald nær yfir: 1. jan – 31. des.  
2007.

Stjórn Guðmundar Tyrfingssonar ehf. skipa:

Guðmundur Tyrfingsson  
stjórnarformaður

Aðrir stjórnarmenn eru:

Sigríður V. Benediksdóttir  
Benedikt G. Guðmundsson  
Berglind Guðmundsdóttir  
Tyrfingur Guðmundsson  
Helena H. Guðmundsdóttir

Almennt rekstrarleyfi til fólksflutninga.

Gildistími: 17. janúar 2005 til 17. janúar 2010.

Útgefandi: Vegagerð ríkisins

Eftirlitsaðili: Vegagerð ríkisins

## **1.2 Þættir sem starfsleyfið nær yfir og grænt bókhald þess**

### **Almennar upplýsingar um fyrirtækið**

Fyrirtækið Guðmundur Tyrfingsson ehf. er alhliða ferðaþjónustufyrirtæki sem stofnað var árið 1969. Upphafleg starfsemi fyrirtækisins var hóp bílaakstur en nú stundar fyrirtækið einnig skipulagðar ferðir og hefur einnig starfsleyfi til bílaleigu. Rúmlega 30 starfsmenn vinna að jafnaði hjá fyrirtækinu.

### **1.3 Staðsetning**

Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru á Selfossi og er þar að auki með starfsstöðvar í Rússlandi, Japan og Kína.

### **1.4 Umhverfisstefna**

Umhverfis- og öryggsmál hafa frá upphafi verið stjórnendum Guðmundar Tyrfingssonar ehf. hugleikin og er fyrirtækið fyrsta fyrirtækið í þessari atvinnugrein til að móta umhverfis- og öryggisstefnu sem höfð er að leiðarljósi í rekstri fyrirtækisins.

Starfsmenn Guðmundar Tyrfingssonar ehf fylgja umhverfisáætlun fyrirtækisins eftir með eftirfarandi stefnumiðum:

1. Starfsmenn eru meðvitaðir og fræddir um umhverfisstefnu fyrirtækisins og umhverfismál almennt.
2. Árlega höldum við námsskeið þar sem farið er yfir alla þá umhverfisþætti sem lúta að starfsemi fyrirtækisins.
3. Við munum stuðla að auknum áhuga á íslenskri menningararfleið með því að sérhæfa okkur í menningartengdri ferðaþjónustu. Þar leggjum við megináherslu á skemmtanagildi íslenskrar menningar.
4. Allt kapp er lagt á að bjóða upp á nýjustu og umhverfisvænustu hópferðabíla sem völ er á. Í dag uppfylla nær allir okkar bílar EURO II staðalinn sem er mengunarstaðall sem gildir fyrir Evrópu. Nýjustu bílarnir

uppfylla Euro III sem er enn kröfuharðari og verður sá staðall væntanlega við líði fyrir nýja bíla til ársins 2005.

5. Við munum stöðugt vinna í þessum málum í samræmi við Umhverfisvottun Beluga. Unnið að því að taka upp Umhverfis-öryggis- og gæðastjórnunar-kerfi Beluga sem er hið eina sinnar tegundar sem tekur á öllum þessum málaflokkum í eina og sama kerfinu.
6. Allir hópferðabílar okkar hafa vatnskyndingu (olíumiðstöð) sem gerir það að verkum að hægt er að hita bílvélina upp í allt að 80° áður en vélin er ræst. Þessi búnaður gerir það verkun að bílvélin fer heit í gang sem að þýðir mun minni mengun. Þessi sama kynding er samtengd ofnakerfi bifreiðana þannig að hægt er að halda farþegarými heitu án þess að bílvélin gangi. Við leggjum ríka áherslu á að kynding þessi sé notuð til að halda lausagangi í lágmarki.  
Við kappkostum að draga úr myndun úrgangs eins mikið og mögulegt er en jafnframt að flokka og endurnýta alla þá hluti sem við höfum mögulega á. Fyrir utan höfuðstöðvar okkar á Selfossi höfum við komið fyrir pappírs- og fernugámum sem við flokkum í fyrir endurvinnslu. Einnig flokkum við
7. að sjálfsögðu brotajárn, rafgeyma og allar aðrar vörur sem mögulegt er að nýta eða að eyða.
8. Við hvetjum starfsmenn til að flokka þessi hluti jafnframt heima fyrir og bjóðum þeim uppá beinan aðgang að okkar flokkunarkerfi.
9. Við höfum fullbúin kennslubúnað fyrir Grænan akstur (Eco driving) í einni hóp bifreið. Er það fyrsta hópferðabifreiðin hér á landi sem útbúin er þessum búnaði. Á umhverfisnámskeiði okkar sem við höldum árlega bæði farið bóklega og verklega yfir Grænan akstur með bifreiðastjórunum. Það er mjög mikilvægt að lágmarka mengun og eyðslu bifreiða með réttu aksturslagi.
10. Við kappkostum að hafa snyrtimennsku í fyrirrúmi og vera öðrum til fyrirmyndar. Áhersla er lögð á að hafa bifreiðar í góðu lagi, hreinar og snyrtilegar sem og að olíu og síuskipti séu á réttum tíma til að takmarka óhreinindi í útblæstri sem mest.
11. Öll úrgangsolía er sett í tank sem er niðurgrafinn við verkstæði okkar. Tankur þessi er tæmdur reglulega og olían úr honum nýtt eins og unnt er hverju sinni. Allt kapp er lagt á að engin spillifni fari í niðurföll en ef að slys yrði þá erum við með þrjár olíugildir við niðurföll á verkstæði okkar sem og í aðstöðuplani.
12. Við leggjum áherslu á að nota umhverfisvænar vörur og halda öðrum vörum í lágmarki. Við leitumst við að kaupa vörur og eða þjónustu af þeim aðilum sem hafa markað sér skýra og helst vottaða stefnu í þessum málaflokk.

13. Umhverfismál eru mál okkar allra, aldrei er nóg að gert og of margt í okkar samfélagi skaðar náttúruna og þar með okkur. Þetta eru dæmi um okkar áherslur og markmið í þessum málaflokki. Þessi mál eru í stanslausri skoðun hjá okkur enda er það skylda okkar að vera meðvituð og opin fyrir öllum leiðum til að draga úr mengun. Við fylgjumst því grannt með þróun umhverfismála og erum vakandi yfir þessum málaflokki, framtíðin er jú í húfi.

## Markmið fyrir árið 2008

Við munum halda árlegt námskeið í umhverfis- öryggis- og gæðastjórnunarmálum sem m.a. innifelur fullgilt námskeið í vistakstri og skyndihjálpi (árlegt markmið).

Minnka eldsneytisnotkun um 1.5% á (per kílómetra) með fimmta vistaksturnámskeiðunu og eftirfylgni á því.

Umhverfis-öryggis- og gæðastjórnunarstjóri mun auka eftirlit með búnaði í bifreiðum, (öryggisbeltum, sjúkrakassa, umhverfisvænu hreinsiefnum og þess háttar útbúnaði).

Gæðahandbók bifreiðastjóra verður endurskoðuð en hún er í öllum bifreiðum fyrirtækisins þar sem m.a. koma fram stefnur félagsins í umhverfis-öryggis- og gæðamálum (árlegt markmið).

Fara sérstaklega yfir mikilvægi þess að olúmiðstöðvar séu rétt notaðar til að takmarka lausagang og draga úr útblæstri Umhverfisvænir trefjaklútar verða í öllum bifreiðum félagsins.

## Hráefna- og auðlindanotkun fyrirtækisins 2007

Tafla. 1 Notkun á eldsneyti og öðrum efnavörum Guðmundur Tyrfingssonar ehf. (lítrar).

Hráefni	2006	2007	Br. milli ára (í %)
Bensín	178	0	
Díselolía	157.966	227.000	43,7
Smurolía	450	2.166	381,3
Tjöruhreinsir	380	420	10,5
Hvítspíri (whitesprit)	180	0	

Auk þess var notað við smurólíu, hráolíu og gírafeiti síðastliðin tvö ár en nákvæmar tölur um magn liggja ekki fyrir að svo stöddu.

## **Lokaorð**

Þetta er annað sinn sem Guðmundur Tyrfingsson ehf. gerir skýrslu um auðlinda- og hráefnisnotkun fyrirtækisins og skilar til Umhverfisstofnunnar. Með færslu slíks græns bókhalds fæst góð yfirsýn yfir þá þætti hjá fyrirtækinu sem valda mengun og veitir góðar upplýsingar til viðskiptavina og stjórnvalda.

Starfsemi fyrirtækisins telst ekki vera umhverfisvæn í eðli sínu en markmið stjórnenda og starfsmanna er að gera fyrirtækið eins umhverfisvænt og kostur er.

Lögð er áhersla á að fyrirtækið sé leiðandi í umhverfismálum fyrirtækja í ferða- og flutningaþjónustu og vonir standa til að með áframhaldandi færslu á grænu bókhaldi megi fyrirtækið halda áfram að verða leiðandi í umhverfisvænni ferðaþjónustu.

## **Viðhengi I.**

### **Öryggisstefna Guðmundar Tyrfingssonar ehf**

Starfsmenn Guðmundar Tyrfingssonar ehf. hafa mótað öryggisstefnu og sett sér markmið til að tryggja að öryggi og þægindi farþeganna sé ávallt í fyrirrúmi. Þegar ný rúta er hönnuð og smíðuð hugsum við um hvernig hægt sé að auka þægindi og tryggja öryggi. Rútuflotinn er með þeim yngsta sem þekkest á landinu, markmið okkar í öryggismálum er að vera með góða og trausta bílstjóra, nýjustu bílana ásamt því að tryggja öryggi og þægindi eins og kostur er.

#### **Bílstjórinn:**

Það er ekki tilviljun að bílstjórinn sé fyrst talinn upp þegar öryggi er annars vegar. Öllu máli skiptir að hafa góða og trausta menn, sem geta tekið á hvaða aðstæðum sem er. Frá upphafi (1969) hefur fyrirtækið haft yfir einstaklega góðum starfskröftum að ráða sem tvímælalaust skýrir velgengni fyrirtækisins í gegnum árin. Við leggjum ríka áherslu á hæfni starfsfólks og áreiðanleika ásamt því að veita bestu starfsþjálfun sem við höfum tök á.

#### **Fyrirbyggjandi viðhald:**

Á verkstæði okkar starfa þaulvanir menn sem sjá um smíði á nýjum bílum ásamt öllu viðhaldi. Lagt er kapp á að viðhald sé fyrirbyggjandi og er haldin skrá yfir bílana til að hafa sem besta yfirsýn. Hópfærðabílar okkar eru hannaðir og smíðaðir af starfsmönnum okkar og eru öryggismál í hávegum höfð í öllu þessu ferli.

#### **Bremsukerfi:**

ABS bremsukerfi er í nær öllum hópfærðabílum fyrirtækisins en slíkt eykur öryggi til muna, sérstaklega í bleytu og hálku. Mikil áhersla er lögð á að bílarnir séu ávallt rétt útbúnir miðað við aðstæður t.d að hjólbarðar séu í samræmi við færð en yfir vetratímamann eru þeir á negldum hjólbörðum.

**Öryggisbelti:**

Í öllum okkar hópferðabílum eru öryggisbelti í öllum sætum annað hvort tveggja eða þriggja punkta beltí.

**Öryggismál:**

Okkar markmið með þessari stefnu er að vinna markvisst að því að öryggi verði í hávegum haft og óhöpp eins fá og takmörkuð sem frekast er unnt. Á hverju ári er haldið öryggis- og umhverfisnámskeið fyrir alla starfsmenn þar sem farið var ítarlega í þessa málaflokka. Á öryggisnámskeiðinu er m.a. fullgilt skyndihjálpar-námskeið með fullgildum leiðbeinanda ásamt því að farið var sérstaklega yfir öll öryggistæki sem tilheyra bílstjóra og farþegum. Námskeiðahald þetta er fastur liður á hverju hausti.